




Friðlýsing Grafarvogs

Kynning

Íbúaráð Grafarvogs 6. maí 2024

Þórólfur Jónsson deildarstjóri náttúru og garða



Friðlýst svæði í Reykjavík

- 7 friðlýst svæði *
- 2 fólkvangar, þar sem Reykjavík er aðili að rekstri **
- 13 svæði á náttúruminjaskrá
- Um 25 svæði undir hverfisvernd

* Eitt að hluta í Mosfellsbæ
** Reykjavík er á leið úr Reykjanesfólkvangi



Friðlýst svæði samkvæmt náttúruverndarlögum

Bláfjallafólkvangur
Reykjanesfólkvangur *

Fossvogsbakkar



Laugarás



Blikastaðakró - Leiruvogur



Háubakkar



Rauðhólar





Friðlýst svæði samkvæmt náttúruverndarlögum

Blikastaðakró - Leiruvogur



Akurey



Lundey





Friðlýsing og hverfisvernd

• Friðlýsing

- Náttúruverndarlög
- Í samræmi við alþjóðlega flokkun verndarsvæða.
- Lögbundnir friðlýsingarskilmálar. Skýr réttaráhrif.
- Lögbundin verndar- og stjórnunaráætlun.
- Erfitt að afnema friðlýsingu. Trygg náttúruvernd til frambúðar.
- Eftirlit frá ríkisvaldinu.
- Hugsanlegt að sækja í sjóði fyrir uppbyggingu innviða.


• Hverfisvernd

- Skipulagslög, engin tengsl við náttúruverndarlög.
- Engin sérstök flokkun.
- Skilmálar leyfilegir en sjaldan notaðir.
- Verndaráætlanir sjaldan til staðar.
- Hægt að breyta og afnema hverfisvernd með breytingu á skipulagi.
- Sveitarfélög ráða alveg en fjármagna einnig allar aðgerðir.



Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (B-hluti)

- Gefin út af umhverfis- og auðlindaráðherra og samþykkt af Alþingi.
- Áætlun um friðlýsingar og friðun náttúruminja á landsvísu.
- Byggist á tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands.
- 112 svæði tilnefnd – eiga að mynda net verndarsvæða á landsvísu fyrir fugla og vistgerðir.






Svæði í Reykjavík tilnefnd af Náttúrufræðistofnun fyrir framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár

1. Álftanes-Skerjafjörður
2. Elliðaavatn
3. Elliðavogur-Grafarvogur
4. Blikastaðakró-Leiruvogur
5. Leirvogsvatn
6. Hofsvík



Elliðavogur - Grafarvogur

- Tilnefnt vegna fuglalífs.
- Elliðavogur utanverður og allur Grafarvogur ásamt fjörum.
- Stærð 1 km²
- Leiran í Grafarvogi meira og minna óspillt og mjög mikilvægt fuglasvæði – einkum fyrir vaðfugla t.d. sendling, rauðbrysting, lóupræl o.fl.
- Elliðavogur mikilvægur fyrir gulendur á veturna og fleiri fugla.
- Grafarvogur hverfisverndaður.





Tillaga um friðlýsingu á þremur fjörusvæðum

Tillaga að friðlýsingu Grafarvogs ásamt Blikastaðakró og fjörum í Skerjafirði.

Umhverfis- og heilbrigðisráð 17. feb. 2021

Grafarvogur er hluti af tillögu

Náttúrufræðistofnunar.

Lagt er til að Grafarvogur innan

Gullinbrúar, sem í dag er hverfisverndaður verði friðlýstur.

Skoða þarf hversu langt mörkin ná upp á land til að það henti friðlýsingu og eru mörkin í tillögu Náttúrufræðistofnunar nærri lagi.

Bréf til umhverfis- og auðlindaráðherra 9. mars 2021



Reykjavík, 9. mars 2021
R21020187
USK2021020066

Berist til umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmundar Inga Guðbrandssonar.

Á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur þann 27. febrúar síðastliðinn var lögð fram og samþykkt tillaga þar sem lagt er til að hafið sé formlegt samtal við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun um friðlýsingu á þremur fjörusvæðum í Reykjavík. Svæðin sem um ræðir eru Blikastaðakró, Grafarvogur og þangfjörusvæði í austanverðum Skerjafirði.

Tillagan hljómar svo:

„Lagt er til að umhverfis- og heilbrigðisráð samþykki að hefja formlegt samtal við umhverfis og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun um friðlýsingu á Blikastaðakró, Grafarvogi og þangfjörusvæði í austanverðum Skerjafirði. Um eru að ræða þrjú mikilvæg strandsvæði í Reykjavík sem hafa verið tilnefnd af Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir framkvæmdaáætlun náttúruvinnjaskrár. Gert er ráð fyrir að samtalið leiði til þess að ákveðið verði að hefja formlegt friðlýsingarferli Umhverfisstofnunar í samstarfi við Reykjavíkurborg. Í friðlýsingarferlinu verður m.a. tekin ákvörðun um mörk friðlýstra svæða, friðlýsingarflokk auk þess sem mótaðar verða helstu reglur með friðlýsingarskilmálum. Að loknu lögbundnu samráðs- og kynningarferli er gert ráð fyrir að friðlýsingatillögur verði lagðar fyrir borgaryfirlit til samþykkis áður en ráðherra friðlýsir svæðin endanlega.“

Eftir samþykkt í umhverfis- og heilbrigðisráði var tillögunni vísað til borgarráðs og var þar samþykkt þann 4. mars síðastliðinn sbr. meðfylgjandi bréf frá skrifstofu borgarstjóra.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, óskar nú eftir því við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun að hefja formlega skoðun á þessum friðlýsingaráformum í samráði við Reykjavíkurborg við fyrsta tækifæri.

Þessu bréfi fylgir einnig stutt greinargerð með nánari umfjöllun um fjörusvæðin þrjú, einkenni þeirra og verndargildi og markmið með væntanlegum friðlýsingum.

Sambærilegt bréf hefur verið sent til Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllt,


Ólaf Órvarsdóttir,
sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs


Guðmundur B. Friðriksson,
skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða

Samrit: Umhverfisstofnun



Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími 411 1111
Bréfsími 411 8505
www.reykjavik.is



← Forsíða / Náttúra / Friðlýsingar / Friðlýsingar í vinnslu / Grafarvogur innan Gullinbrúar

Grafarvogur innan Gullinbrúar



Mynd: Jón Stefán Jónsson

Samstarfshópur, sem skipaður er fulltrúum Umhverfisstofnunar, Reykjavíkurborgar sem einnig er landeigandi og fulltrúa frá umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, vinnur nú að undirbúningi friðlýsingar Grafarvogs innan Gullinbrúar, í samræmi við málsmeðferðarreglur náttúruverndarlaga.



Mynd: Jón Stefán Jónsson

Áform um friðlýsingu auglýst 2021

Með áformum um friðlýsingu svæðisins er horft til þess að vernda til framtíðar náttúrulegt ástand Grafarvogs og líffræðilega fjölbreytni hans, þ.m.t. mikilvægar fjöruvistgerðir, búsvæði fugla og óspillta leiru.

Áform um friðlýsingu Blikastaðakróar-Leiruvogs sem friðlands, sbr. 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, voru auglýst þann 12. júlí 2021, í samræmi við málsmeðferðarreglur 2. og 3. mgr. 36. gr., sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna en gert er ráð fyrir að svæði sem ekki er á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár skuli kynnt sérstaklega. Auglýsing um áformin var birt í Lögbirtingarblaðinu, vefmiðli Morgunblaðsins, vefmiðli Mosfellings og á heimasíðu og facebooksíðu Umhverfisstofnunar, auk þess sem hagsmunaaðilum var sent bréf þar sem upplýst var um auglýsinguna, hvar hana var að finna og á hvaða tíma gafst tækifæri til að gera athugasemdir. Frestur til að skila inn athugasemdum var til og með 10. ágúst 2021.



Alls bárust erindi frá 8 aðilum á kynningartíma. Gerð er grein fyrir þeim athugasemdum/ábendingum sem bárust vegna áformanna ásamt viðbrögðum samstarfshópsins við þeim í [Umsögn um athugasemdir sem bárust á kynningartíma áforma um friðlýsingu svæðið innan Gullinbrúar í Grafarvogi.](#)



Tillaga að friðlýsingu

Samstarfshópurinn vinnur nú drög að friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið. Tillagan verður lögð fyrir landeigendur/réttihafa lands og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Þá verður tillagan auglýst opinberlega og öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við hana.



Forsendur fyrir stækkun: Ráðherra leggur áherslu á að stækka verndarsvæðið (rauð lína) frá því sem unnið hefur verið með (gul lína) enda svæðið eitt af grænum svæðum í borginni. Með stækkun svæðisins mun það einnig ná yfir jökulmenjar og menningarminjar á svæðinu sem eykur við útvistar og fræðslugildi þess og hefur Minjastofnun bent á að taka þurfi tillit til menningarminja.

Tillaga að breyttum mörkum:

- Lagt er til að verndarsvæðið fylgi göngustíg að norðan, en teygi sig jafnframt inn í skógræktarsvæðið við Funaborg. ATH væntanlega þarf þó að skoða betur mörkin með tilliti til tveggja lóða sem þar eru (Funaborg 42 og 44).
- Þá fylgi mörkin göngustíg í átt að Stórhöfða en þar fylgi mörkin lóðamörkum til og með Stórhöfða 45. Þaðan með Stórhöfða að Grafarlæk og mörk síðan með læknum (50-100 m) og síðan með göngustíg.



Athugasemdir:

Austan við Logafold (ekki innan rauðu línu) er skógræktarreitur. Kanna mætti hvort það svæði ætti að vera innan friðlýsingarmarka.

Mögulegar sviðsmyndir:

Sviðsmynd 1.- Allt svæðið verði friðland – og reglur útfærðar yfir á viðbótarsvæðið.

Sviðsmynd 2. – Svæðið skv. tillögu Umhverfisstofnunar verði friðland og viðbótarsvæðið verði fólkvangur. Unnið verði áfram með reglur fyrir friðlandið Grafarvog og sér reglur útfærðar fyrir viðbótarsvæðið með megin áherslu á útivist og fræðslu.

Lagt er til að í samstarfi við Minjastofnun Íslands / borgarminjavörð verði menningarminjar sérstaklega merktar með tilliti til fræðslu og verndunar.



Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs.

Markmiðið með áformaðri friðlýsingu Grafarvogs er fyrst og fremst að vernda búsvæði fugla, mikilvægar leirur og fjöruvistgerðir sem er skýrt afmörkuð heild.

Umhverfi Grafarlækjar hefur auðvitað líka mikið gildi, bæði vegna náttúruminja og til útivistar, eins og fram kemur í tillögu ráðuneytisins.

Það er að vissu leyti tekið undir það sjónarmið í seinni sviðsmyndinni, í tillögu ráðuneytisins, að Grafarvogurinn sé sérstök heild.

Undirritaður telur ekki vera sannfærandi rök fyrir því að stækka friðlýsingarsvæðið og falla frá upphaflegum áformum um friðun Grafarvogs.

Eðlilegt er þó að skoða betur hversu langt mörkin eiga að ná upp á land til að hafa jaðarsvæði eins og kemur fram í umsögn NÍ.

Eðlilegt er síðan að hugað verði betur að vernd Grafarlækjar í tengslum við gerð skipulags fyrir Keldnalandið.

Lagt er til að umhverfis og skipulagsráð mæli með að haldið verði áfram með þau áform um friðlýsingu Grafarvogs sem lagt var upp með en ráðið leggist gegn tillögu ráðuneytisins um stækkun marka friðlýsingarsvæðisins upp að Grafarlæk.



Umhverfis- og skipulagsráð 13. des. 2022

Friðlýsing Grafarvogs, tillaga umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis um stækkun svæðis.

Samþykkt að umhverfis og skipulagsráð mæli með að haldið verði áfram með þau áform um friðlýsingu Grafarvogs sem lagt var upp með en ráðið leggist gegn tillögu ráðuneytisins um stækkun marka friðlýsingarsvæðisins upp að Grafarlæk

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Málið hefur þegar farið í opið umsagnarferli og mun gera það aftur. Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs er í meginatriðum samhljóða álitni Náttúrufræðistofnunar. Í umsögninni er lagt til að haldið verði áfram með þau áform um friðlýsingu Grafarvogs sem lagt var upp með en ekki fallist á tillögu ráðuneytisins um verulega stækkun marka friðlýsingarsvæðisins. Við styðjum umsögnina og undirstrikum um leið mikilvægi Grafarlæks í samhengi við skipulagsvinnu Keldnalandisins.



Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Óviðunandi er að ekki hafi verið fallist á ósk fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um frestun á afgreiðslu umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs um erindi umhverfisráðuneytisins vegna friðlýsingar Grafarvogs, svo fulltrúar í ráðinu gætu kynnt sér gögn málsins með fullnægjandi hætti. Fulltrúar í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur fengu umrædda umsögn senda undir lok vinnudags á mánudag og höfðu því óeðlilega lítinn tíma til að kynna sér þetta mikilvæga mál, ekki síst í ljósi þess að borgarstjórnarfundur var á þriðjudeginum. Því er óviðunandi að ekki hafi verið fallist á frestun á afgreiðslu málsins.

Í umræddri umsögn er m.a. skýr afstaða tekin gegn tillögu ráðuneytisins um stækkun marka friðlýsingarsvæðisins upp að Grafarlæk. Tillaga ráðuneytisins verðskuldar ýtarlega skoðun og umræður enda hlýtur það að vera helsta álitaefni málsins hversu stórt svæði skuli friðlýsa. Um er að ræða afar brýnt hagsmunamál fyrir Grafarvogsbúa og aðra, sem nýta það svæði, sem hugmyndir eru uppi um að friðlýsa. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja því rétt að tillaga ráðuneytisins um mörk friðlýsingarsvæðisins verði kynnt fyrir íbúaráði Grafarvogs og Íbúasamtökum Grafarvogs og þessum aðilum gefinn kostur á að veita umsögn um málið áður en lengra er haldið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins styður stækkun á friðlýstu svæði við Grafarvog. Ekki eru mörg strandsvæði óröskuð eða lítt röskuð í Reykjavík. Friðlýsing eykur á gildi Grafarvogs sem fæðusvæði fugla að vetri til en þá eru sjávarleirur mikilvæg fæðusvæði







Reykjavík